



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgata 7
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. október 2020

Efni: Drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum, sala á framleiðslustað, mál nr. 200/2020

Í drögum að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum eru lagðar til breytingar á áfengislögum nr. 75/1998, lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 og lögum um aukatekjur ríkisins nr. 88/1991. Helstu breytingar frumvarpsins er að heimilað verður að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda, að sala áfengis verði heimiluð í gegnum vefverslanir.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) eru hlynnt auknu frelsi í viðskiptum og á það einnig við um viðskipti með áfengi. Sú skoðun byggir hins vegar alfarið á þeirri grundvallarforsendu að markaðslögmál séu látin ráða för og íslenskum framleiðendum sé gert kleift að auglýsa vöru sína. SI leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að ef ráðist verði slíkar breytingar, sem um getur í drögum þessum, að samhliða verði gagngerar breytingar á 20. gr. laganna sem fjalla um auglýsingar áfengis og undanþágur. Í frumvarpsdrögum er greint frá því að Íslendingar kaupi hlutfallslega meira af erlendum áfengistegundum en íbúar nágrennaþjóða gera og bent á þá staðreynd að meginástæða þess felist í því að erlendir áfengisframleiðendur hafi greiðan aðgang að íslenskum neytendum í gegnum auglýsingar og að íslenskir framleiðendur sitji ekki við sama borð. Gerir SI þá kröfu að innlendir framleiðendur geti einnig keppt á jafnræðisgrundvelli við innflutta vöru.

Þá er tilgreint í frumvarpsdrögum að markmið frumvarpsins sé ekki að opna á rekstur áfengisverslana eða leyfa slíka smásölu áfengis. SI bendir á að erfitt geti reynst fyrir löggjafann að koma í veg fyrir slíkt. SI bendir á að ef frumvarpið verði að lögum mun stór hluti áfengissölu færast til stórverslana. Þróun matvöruverslana á síðustu misserum hefur verið með þeim hætti að sífellt fleiri sækja þjónustu verslana í gegnum vefverslanir, hvort sem um er að ræða að fá vörur heim eða sóttar til verslana. Af þeim sökum má ætla að stór hluti áfengisverslunar muni færast frá ÁTVR yfir til stórverslana, í gegnum vefsölu. Af þeim sökum bendir SI á mikilvægi þess að meta raunveruleg áhrif frumvarpsins en í greinargerð frumvarpsins er tiltekið að óvissa ríki um hve mikil áhrif frumvarpið hafi á tekjur og gjöld ÁTVR. SI telur mikilvægt að fyrir liggja upplýsingar um hlutfall erlendra vefverslunar af veltu áfengis hér á landi sem og áhrif frumvarpsins á rekstur ÁTVR.

SI fagnar þeirri fyrirætlan að bætt verði við áfengislög grein um framleiðslusöluleyfis, sem veitir leyfishafa heimild til að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Gerir frumvarpið ráð fyrir að framleiðsluleyfi verði veitt framleiðendum sem framleiða allt að 500 þúsund lítrum af áfengi á almanaksári. Þá eru framleiðendur bundnir af styrkleika áfengisins, þar sem einungis er heimilt að selja áfengi sem inniheldur ekki meira en 12% af hreinum vínanda að rúmmáli, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni.

Eins og áður segir þá fagna SI fyrirætlan þessari enda ljóst að mikil gróska er í handsverksbrugghúsum um allt land og stuðlað að atvinnutækifærum og störfum í öllum landshlutum.




Í frumvarpinu er bent á að sala á grundvelli framleiðslusöluleyfis muni eiga sér fyrst og fremst stað í tengslum við ferðaþjónustu hjá leyfishafa og styrkja sölu leyfishafa í nærumhverfi. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarps mun breyting á þessu styrkja rekstur þeirra áfengisframleiðenda sem frumvarpið nær til. SI telur að það kunni að skjóta skökku við að hafa efri mörk fyrir útgáfu framleiðsluleyfis, í frumvarpi 500 þúsund lítrar. Þrátt fyrir að langstærsti hluti framleiðenda sem frumvarpið eigi að ná yfir framleiði undir 200 þúsund lítrum á ári þá eru handverksbrugghús sem framleiða meira en mörk frumvarps fyrir framleiðslusöluleyfi gera ráð fyrir. Slík mörk munu því útiloka þá framleiðendur og í sumum tilfellum að reynast hvati fyrir önnur að framleiða ekki meira en tiltekin mörk.

SI veltir þeirri spurningu upp hvort ekki væri skynsamlegra að veita framleiðslusöluleyfi á grundvelli seldra lítra á framleiðslustað. Með slíku yrði komið í veg fyrir að neikvæður hvati myndist fyrir framleiðendur að fara yfir tiltekin mörk, hvort sem í slíku myndi felast að draga úr framleiðslu með tilheyrandi áhrifum á nærumhverfi, til að mynda með fækkun starfa eða að skipta framleiðslu upp í framleiðslueiningar.

Hafa ber í huga að í greinargerð frumvarps er tekið fram nauðsyn þess að breyta lögum til að tryggja jafnræði og samkeppni innlendar verslunar við þá erlendu. Þrátt fyrir slík fyrirheit takmarkar frumvarpið engu að síður framleiðendur að fá framleiðslusöluleyfi fyrir sterkara áfengi en sem nemur 12% af hreinum vínanda að rúmmáli og einungis taki framleiðslusöluleyfið til áfengis gerjað úr möltuðu og ómöltuðu korni. Rök fyrir þeim takmörkunum eru sögð að tilætlan frumvarpsins felist ekki því að heimila smásölu sterks áfengis á framleiðslustað og að eyða öllum vafa um heimild fyrir framleiðslusöluleyfis annarra áfengra drykkja. SI gerir alvarlegar athugasemdir við þessar takmarkanir. Fela þær í sér mikið ójafnræði fyrir fjölda íslenskra áfengisframleiðenda og hindrar samkeppni innlendar verslunar við þá erlendu. Þvert á þær nauðsynlegu breytingar fjallað er um í frumvarpinu, um að tryggja jafnræði og samkeppni innlendar verslunar við þá erlendu.

Virðingarfyllst,



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptasjóri á framleiðslusviði